

Verknúmer 12023	Verkkaupi Langanesbyggð
Dagsetning 18.07.2025	Verkpáttur Grunnskóli Langanesbyggðar - Samanburður kostnaðar Rif og endurbygging sama lóð / Nýbygging ný lóð
Unnið af Almar E.	Staðsetning / Lýsing Langanesvegur 20, 680 Þórshöfn / Óþekkt lóð fyrir nýja skólabyggingu
Tengiliður Björn S. Lárusson	Dreifing: Langanesbyggð

Almennt.

Grunnskóli Þórshafnar steinsteypt hús á einni hæð með geymslulofti. Húsið er byggt í fjórum áföngum sem spannar tímabilið frá 1944 – 1996.

Minnisblað 04 er unnið í framhaldi af minnisblöðum 01-03, ásamt minnisblaði sveitastjóra frá 41. Fundi Byggðarráðs, eftir að niðurstöður allra þriggja sýnataka lágu fyrir.

Ljóst er að mikil mygla greinist í mörgum sýnum. 1/3 af öllum teknum sýnum eru sýkt eða alls 22 af 66.

Raki mælist mjög víða, sérstaklega norður hluti frá inngang, hol, gangar og stofur.

Vinnufundur / rýnifundur 01/07/2025

Til staðar voru tveir frá Faglausn, sveitastjóri, oddviti, vara oddviti, skólastjóri og forstöðumaður áhaldahúss. Farið var yfir stöðu hússins og hvaða raunhæfu möguleikar væru í stöðunni í ljósi undangenginna upplýsinga.

Ekki var talin ástæða til að taka fleiri sýni í ljósi þess að mygla hefur nú greinst í gólfum um allt hús.

Hér verður gerð grein fyrir þeim þremur möguleikum sem nefndir eru í MBL sveitastjóra og sem einnig voru ræddi á fundi vinnu / rýnifundi 01/07/2025

Klippa úr minnisblaði sveitastjóra.

„Að byggja nýjan skóla á sama eða svipuðum stað. Kostnaður við það yrði varlega áætlaður 800 milljónir króna fyrir 800 m² hús eða um 1 milljón á m². Þar eru tveir kostir í þeirri stöðu verði ákveðið að fara þá leið.

A) Að rífa núverandi skóla og byggja nýjan á grunni hans. Verði þessi kostur fyrir valinu þarf að rífa fyrst og hefja svo byggingu vorið 2026 sem bjartsýnar vonir benda til að gæti verðið lokið áður en skólaárið 2027/2028 hefst. Ókosturinn er sá að ekki er hægt að hefja framkvæmdir fyrr en niðurrifi er lokið.

B) Að byggja nýjan skóla á nýjum stað á „skólatorfunni“. Kosturinn við þennan valkost er sá að hægt er að vinna samtímis að niðurrifi og byggingu og flýta þannig framkvæmdum.“

1. Gera við núverandi húsnaði

Forsendur áætlunar.

- Núverandi skólahúsnaði verði rífið inn að beinagrind og endurgert
- Rif að utan, þak og veggir inn að burðarvirki
- Rif að innan allir léttir innveggir, loft að burðarvirki
- Lagnir og rafmagn endurnýjað
- Kostnaðaráætlun er í áætlunarflokki 4 skv. Töflu framkvæmdasýslu ríkisins

Áætlaður kostnaður (Kostnaðaráætlun 01 - Rif / Endurgerð)

Áætlaður heildarkostnaður er um **696mkr. eða um 780þús/m²**

2. Rífa núverandi skóla og byggja annan á sömu lóð

Forsendur áætlunar.

- Núverandi skólahúsnaði verði fjarlægt með öllu, þ.e. þak, veggir, botnplata og sökklar.
- Nýtt sambærilegt bygging rísi á sama stað (895m²)
- Kostnaðaráætlun er í áætlunarflokki 4 skv. Töflu framkvæmdasýslu ríkisins

Áætlaður kostnaður

Áætlaður heildarkostnaður er um **932mkr. eða um 1.050mkr/m²**

3. Byggja nýjan skóla á nýjum stað á „skólatorfunni“.

Forsendur áætlunar.

- Nýr skóli byggður á nýrri lóð á „skólatorfu“
- Nýtt mannvirki verði sambærilegt og núverandi skóli 895m²
- Kostnaðaráætlun er í áætlunarflokki 4 skv. Töflu framkvæmdasýslu ríkisins

Áætlaður kostnaður

Áætlaður heildarkostnaður er um **852mkr. eða 953þús/m²**

4. Önnur meðfylgjandi gögn (send með í tölvupósti).

- 12023-KOSTNAÐARÁÆTLUN 01 RIF-ENDURGERÐ-samantekinKostnaðaráætlun Rif og endurbygging
- 12023-KOSTNAÐARÁÆTLUN 01 RIF-ENDURGERÐ-sundurliðað
- 12023-KOSTNAÐARÁÆTLUN 02 RIF-NÝBYGGING-samantekin
- 12023-KOSTNAÐARÁÆTLUN 02 RIF-NÝBYGGING-sundurliðað
- 12023-KOSTNAÐARÁÆTLUN 03 NÝBYGGING-NÝ LÓÐ-samantekin
- 12023-KOSTNAÐARÁÆTLUN 03 NÝBYGGING-NÝ LÓÐ-sundurliðað